



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1347  
komudagur 15. 3. 2006

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Kópavogi 14. mars 2006.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð, 514 mál, heildarlög.**

Læknafélag Íslands þakkar fyrir að fá erindi þetta frá Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis. Almenn umsögn félagsins er sú, að sameining þeirra tveggja stöðva, sem nú annast þessi svið fötlunar, geti orðið til að bæta þjónustu við heyrnar- tal- og sjónskerta og ná jafnframt fram hagræðingu við rekstur þessarar þjónustu. Til þess þarf þó aðgæslu við lagasmíðina.

Um er að ræða sérsvið læknisfræði, þar sem framfarir hafa orðið örar bæði við lækningar og þróun hjálpartækja. Mikil þekking hefur safnast fyrir hjá tiltölulega fámennum hópi starfsmanna, sem nýtast þarf þeim, sem njóta þjónustu hinnar nýju stöðvar. Þessi þekking er brothætt og bundin við þann mannauð, sem býr í garði hinna tveggja stöðva, sem leggja á niður. Gæta þarf þess að þessi auður fari ekki forgörðum við sameininguna.

Stjórn Læknafélags Íslands telur, að læknar séu sú heilbrigðisstétt, sem hefur besta undirstöðu og yfirgripsmestu þekkingu til að greina og meðhöndla þau mein, sem við er átt á hinn nýju stöð. Því séu engar aðrar heilbrigðisstéttir betur fallnar til faglegrar forustu í stöðinni. Með sömu rökum og með vísun til hefða við starfsemi af þessu tagi getur enginn heilbrigðisstétt tekið á sig faglega ábyrgða á störfum lækna þeirra, sem að stöðinni verða ráðnir. Enda þekkest hvergi slíkt fyrirkomulag.

Stjórn Læknafélags Íslands leggur því til, að í frumvarpinu verði tekið fram, að hinir faglegu yfirmenn, sem nefndir eru í framkvæmdastjórn stofnunarinnar, séu læknar.

Virðingarfyllst f.h. Læknafélags Íslands,

Sigurbjörn Sveinsson, formaður.